



## Hlaupahátíð á Vestfjörðum

Ísafjörður 28. maí 2020

Til þess sem málið varðar,

Hlaupahátíð á Vestfjörðum var stofnuð árið 2009. Rætur hennar eru annars vegar í 16 ára sögu Óshlíðarhlaupsins þar á undan, en hins vegar í Vesturgötunni sem haldin hefur verið frá árinu 2006. Þessi tvö hlaup sameinuðust undir merkjum Hlaupahátíðar á Vestfjörðum árið 2009. Hátíðin mæltist strax vel fyrir hjá hlaupurum og hefur stöðugt undið upp á sig síðan. Auk hlaupanna tveggja og þeirra greina sem hafa verið undanfarin ár, sjósund, hjólreiðar og þríþraut, þá bættum við Skálavíkurlaupi við 2018 og í fyrra var einnig hægt að hjóla frá Skálavík. Hátíðin hefur því stækkað umtalsvert en einstakir viðburðir hennar fara fram í Bolungarvík, Súðavík, á Ísafirði, Þingeyri og við Arnarfjörð. Hátíðin hefur stækkað ár frá ári og var hátíðin í fyrra ein sú stærsta sem haldin hefur verið. Vesturgötuhaupið var í 2. sæti í kosningu um utanvegahlaup ársins 2019 en það eru hlaupararnir sjálfir sem velja það og er það mikill heiður fyrir okkur og viðurkenning fyrir starf okkar undanfarin ár. Einnig gildir hjólreiðakeppnin á Þingeyri til Íslandsmeistaratitils í maraþonfjallahjólreiðum og það trekkir alltaf að. Þrátt fyrir að veturinn og vorið hafi verið sérkennileg og ekki vitað um framhaldið í sumar þá er mikill áhugi fyrir hátíðinni og nú þegar orðið uppselt í greinar á hátíðinni. Það stefnir allt í að aðsóknarmet verði slegið og að hátíðin verði sú stærsta frá upphafi. Gera má ráð fyrir að um 1500-1800 gestir heimsæki norðanverða Vestfirði vegna hátíðarinnar þetta árið. Skipuleggjendur munu gæta að fyllsta öryggi og hafa sóttvarnir í hávegum og gera okkar besta til að allt fari vel fram.

Hlaupahátíðin er haldin af áhugafólki um hlaup, hreyfingu og útivist. Ótrúlega margir einstaklingar leggja á sig mikið og óeigingjarnt sjálfboðaliðastarf til að hátíðin geti orðið að veruleika. Ekki hefur verið hagnaður af hátíðinni undanfarin ár en með dyggum stuðningi fyrirtækja á svæðinu hefur verið hægt að halda þessari glæsilegu dagskrá gangandi og raunar bæta við hana eftir föngum. Ljóst er að án þessa stuðnings væri ógerlegt að halda hátíðina. Það sem þátttakendur hafa verið hvað ánægðastir með þegar þeir hafa komið hingað er að það er ódýrt að taka þátt í einstökum viðburðum og að fjölskyldan getur öll fundið sér greinar til að vera með í. Það er orðin mikil samkeppni á milli hlaupa um allt land og skiptir kostnaður og umgjörð hvað mestu máli þegar hlauparar velja sér hlaup til að taka þátt í.

Ísafjarðarbær hefur stutt við bakið á Hlaupahátíðinni frá upphafi. Fyrst vegna Óshlíðarhlaupsins en svo vegna Hlaupahátíðarinnar eftir að hún var stofnuð. Stuðningur sveitarfélagsins hefur skipt sköpum við að gera okkur kleift að halda

Þessa hátíð svo sómi sé af og hafa aðstandendur hennar verið þakklátir forsvarsmönnum bæjarfélagsins fyrir þeirra stuðning í gegnum árin.

Nú sem endranær óskar stjórn Hlaupahátíðarinnar eftir stuðningi við að halda mótið. Líkt og undanfarin ár óskum við eftir því að opnunartími Sundhallarinnar á Ísafirði verði lengdur á föstudagskvöldinu (17. júlí), þannig að hægt verði að komast í sturtur og sund til kl. 23:30. Athugið að ekki er óskað eftir ókeypis aðgangi að lauginni, heldur aðeins að þátttakendur í Arnarneshlaupinu, sem fram fer þetta kvöld, eigi þess kost að komast í laugina að hlaupi loknu.

Jafnframt er óskað eftir fjárframlagi til hátíðarinnar, kr. 75.000.

Þessu til viðbótar óskar stjórn Hlaupahátíðarinnar eftir því að starfsmenn áhaldahúss Ísafjarðarbæjar aðstoði við að koma fánastöngum fyrir á hringtorgi og við rásmarkið í 10 km hlaupinu á föstudeginum, sem og að flytja fánastangir yfir til Þingeyrar til að nota á laugardegi og sunnudegi. Þetta hafa þeir gert með miklum sóma undanfarin ár og vonum við að engin breyting verði þar á þetta árið.

Það er von okkar að Ísafjarðarbær geti orðið við þessum óskum um aðstoð vegna Hlaupahátíðarinnar á Vestfjörðum. Hátíðin er í sókn og laðar að sér sífellt fleiri gesti á hverju ári. Gestir okkar eru eftirsóttir sem ferðamenn, koma gjarnan með fjölskyldur sínar með sér og dvelja lengi á Vestfjörðum í kringum hátíðina. Með aðstoð Ísafjarðarbæjar getum við gert Hlaupahátíðina að enn glæsilegri viðburð og lagt okkar af mörkum við að gera samfélagið hér fyrir vestan blómlegra og enn meira spennandi fyrir bæði gesti og heimamfólk.

Virðingarfyllt,

F.h. Stjórnar Hlaupahátíðar á Vestfjörðum  
Guðbjörg Rós Sigurðardóttir